



# Bruýnid



11 árg. 2. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð April. 2006

## Formannsrabb.

Sólin gyllir fögur fjöll  
fer að þiðna klakinn.  
Náttúran er næstum öll  
nú af svefni vakinn.

Þannig sá móðir míin vorkomuna fyrir 92. árum og hefur væntanlega horft til landsins með þá von í brjósti að litlu lömbin sem þá voru byrjuð að sjá þessa undraveröld, fengu góða og hlýja vordaga.

Það er líka bjart yfir okkur tréskurðarfólki að lokinni fallegri sýningu í Tjarnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem saman voru komin mörg falleg og vel unnin verk góðra tréskurðarmanna og kvenna sem gef góða heildarmynd af þeiri þróun og tækni sem trúlistin hefur tekið á síðustu 10. árum, frá því er félagið var fyrst með sýningar. Við tréskurðarfólk eignum að nýta okkur þessa vorkomu sem við fengum, með þessari sýningu, hún er okkur mikils virði, við

þurfum að vinna úr henni og notfæra á allan hátt og fylgja eftir með öflugu starfi.

Þar sem sól er óðum að hækka á lofti fara önnur störf að kalla að, kutinn lagður til hliðar og bíður vetrarkomu. Starfinu er ekki alveg lokið, við vorum búin að boða til ferðar í austur átt, eins og um var talað í síðasta blaði og er hún ákveðin 13. maí nk. Ég vona að við sjáumst sem flest í þeirri ferð, kát og hress að vanda.

Vetrastarfið verður kynnt í haustblaði Brýnisins, væntanlega í september. Ég þakka svo öllum fyrir vel unnin störf og góð kynni og sérstaklega vil ég þakka þeim Bjarna, Halldóri og Erni fyrir mikla og góða vinnu, við uppsetningu og undirbúning á sýningu okkar, ásamt öllum öðrum sem komu þar við sögu.

Að lokum: **Gleðilegt sumar og farið vel með ykkur.**

Friðgeir H. Guðmundsson  
formaður

## Afmælissýningin.

Afmælissýningin okkar tókst að vonum mjög vel, hátt á annað þúsundið skoðaði hana og algengustu viðbrögðin voru að þetta hafi verið besta sýningin til þessa, en það kom okkur sem að sýningunni stóðu ekki á óvart. Bæði var að umgjörðin var hin glæsilegasta og gripirnir rjóminn af því besta sem frá hverjum og einum hefur komið, og ekki skemmdi að hafa þrjú sveinsstykki á staðnum. Það má líka geta



þess að einn af starfsliði hússins sagði að þetta hafi verið fallegasta sýningin hjá þeim til þessa. Við viljum þakka þeim sem sendu okkur verk á sýninguna enn og aftur og hvetja sem flesta til að taka þátt á næstu sýingu.

Fyrir hönd sýningarnefndar Bjarni Þór.

## **Vorferðin 13.maí :**

Fyrirhuguð er skemmti og fræðsluferð laugardaginn 13 maí n.k.. Lagt verður af stað frá Lindaskóla í Kópavogi kl. 10:00 og farið austur fyrir fjall. Byrjað verður á Stokkseyri og Eyrarbakka og kirkjurnar skoðaðar. Að því búnu verður Sigga á Grund heimsótt, þaðan farið í Hrepphlakirku og að lokum verða systurnar í Bryðjuholti heimsóttar. Áætlað er að vera kominn í bæinn aftur um kl. 18:00. Verð kr. 2000,- pr.mann. Félagsmenn eru hvattir til að koma í ferðina og taka með sér gesti. Tilkinna þarf þáttöku til Friðgeirs í s.5546775 eða 8616775 fyrir 11. maí n.k.

### **Félagsmenn athugið:**

Bækur, myndbönd og teikningar félagsins eru til útleigu hjá Friðgeiri Guðmundssyni að Melalind 12 Kópavogi. Einnig á félgagið myndir sem félagsmenn geta fengið að skoða. Síminn er 5546775 og 8616775, tölvupóstfang frg@isl.is.

### **Hitt og þetta:**

Ítalski trélistamaðuri Giuseppe Rumerio kom til landsins í lok febrúar s.l. og hélt fimm daga námskeið fyrir útskurðarmenn. Námskeiðið var haldið á verkstæði Jóns Adólfs Steinólfssonar að Kársnesbraut 110. Kennd var leirmótun. Kennarinn lagði mikala áherslu á að móta fyrst í leir því alltaf er hægt að bæta við og laga í leirnum. Þegar leirmyndin er mótuð er hægt að skera hana vandræðalaust, jafnvel í margfaldri stærð. Námskeiðið var vel sótt og mörg listaverk litu dagsins ljós. Fyrirhugað er annað námskeið í haust. Upplýsingar hjá Jóni Adolf í s. 8966234.

Félagsmönnum sem leið eiga um Borgarnes er bent á að kíkja á Landnámssetur Íslands, sem opnar þar 13 maí n.k. Þar verður sögð Egilssaga með trélistaverkum eftir innlenda og erlenda listamenn.

## **Brýnið**

Fréttablað Félags áhugamanna um trúskurð  
Melalind 12,  
201 Kópavogur  
Heimasíða Félags áhugamanna um trúskurð  
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Móttakandi:

Friðgeir Guðmundsson,  
Melalind 12  
201 KÓPAVOGUR

